

GJALDSKRÁ

Slökkviliðs Grindavíkur.

I. KAFLI

Almennt.

1. gr.

Verkefni Slökkviliðs Grindavíkur (SG) ákvarðast af lögum um brunavarnir nr. 75/2000 með síðari breytingum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Innheimta gjalda skv. þessari gjaldskrá er samkvæmt fylgiskjali.

2. gr.

SG innheimtir ferða- og uppihaldskostnað í samræmi við reglur ferðakostnaðarnefndar fjármála- og efnahagsráðuneytisins.

3. gr.

Slökkviliðsstjóra er heimilt að fella niður gjald vegna starfsemi ef verkefni telst þjóna almanna-hagsmunum og/eða fellur að markmiðum SG.

II. KAFLI

Lögbundin verkefni.

4. gr.

Sé ákvæðum 2. mgr. 29. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000 með síðari breytingum beitt skal eigandi eða umráðamaður mannvirkis eða lóðar bera kostnað samkvæmt gjaldskrá af eftirliti með því að farið hafi verið að kröfum um úrbætur samkvæmt 3. mgr. 29. gr. sömu laga. Einnig er heimilt að taka gjald fyrir öryggis- og lokaúttektir samkvæmt 2. mgr. 12. gr. sömu laga.

5. gr.

Eftirlit og eftirfylgni kröfugerðar.

Fyrir eftirlit og eftirfylgni kröfugerðar skal tekið fast gjald, fyrir hverja byrjaða klukkustund. Þegar um útkall er að ræða utan tilskilins daglegs vinnutíma starfsmanns er innheimt samkvæmt fylgiskjali og fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram fjóra tíma fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu. Heimild til gjaldtöku byggir á 3. mgr. 29. gr. laga um brunavarnir.

6. gr.

Öryggisvaktir á mannvirki.

Innheimt skal fyrir alla vinnu og akstur sem fellur til vegna öryggisvaka eftir að eiganda eða forráðamanni hefur verið tilkynnt ákvörðun slökkviliðsstjóra um að öryggisvakt skuli sett á viðkomandi húseign. Á það jafnframt við um tilfallandi vaktir vegna tímabundinna viðburða þar sem fullum eldvörnum verður ekki við komið eða á meðan unnið er að úrbótum á þeim. Innheimt er lágmarksgjald fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu, og fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram fjóra tíma. Heimild til gjaldtöku byggir á 3. mgr. 29. gr. og 30. gr. laga um brunavarnir.

7. gr.

Lokun mannvirkis.

Innheimt skal fyrir alla vinnu og akstur sem fellur til vegna lokunar mannvirkis eftir að eiganda eða forráðamanni hefur verið tilkynnt ákvörðun slökkviliðsstjóra um að loka skuli viðkomandi mannvirki. Innheimt er fyrir hverja byrjaða klukkustund fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu. Þegar um útkall er að ræða utan tilskilins daglegs vinnutíma starfsmanns er innheimt samkvæmt fylgiskjali og fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram fjóra tíma fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu. Heimild til gjaldtöku byggir á 3. mgr. 29. gr. og 32. gr. laga um brunavarnir.

8. gr.
Dagsektir.

Innheimt skal fyrir alla vinnu og akstur sem fellur til frá og með ákvörðun slökkviliðsstjóra um dagsektir og þar til kröfum um úrbætur á eldvörnum hefur verið fullnægt. Innheimt er fyrir hverja byrjaða klukkustund fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu. Heimild til gjaldtöku byggir á 3. mgr. 29. gr. laga um brunavarnir.

9. gr.
Öryggis- og lokaúttektir.

Innheimt er lágmarksgjald fyrir alla vinnu sem fellur til vegna öryggis- og lokaúttektar. Fyrir stærri úttektir skulu að auki innheimtar fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram tvo tíma fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu. Heimild til gjaldtöku byggir á 3. mgr. 12. gr. laga um brunavarnir.

10. gr.
Útköll vegna brunaviðvörunarkerfa.

Sé slökkvilið kallað út vegna boða frá sjálfvirku brunaviðvörunarkerfi án þess að eldur sé laus skal innheimt fyrir kostnaði af eftirliti með því að gerðar séu nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir endurtekin falsboð.

Innheimt er fast gjald fyrir eina klukkustund fyrir eftirlitið. Leiði það hins vegar til frekara eftirlits, vegna ítrekaðra falsboðana eða alvarlegra ágalla á brunavörnum, fellur það undir eftirlit og eftirfylgni kröfugerðar sbr. 6. gr. þessarar gjaldskrár og er þá innheimt samkvæmt því. Heimild til gjaldtöku byggir á 3. mgr. 29. gr. laga um brunavarnir.

11. gr.
Umsagnir.

Umsagnir slökkviliðsstjóra til einkaaðila eða annarra stjórvalda eru ekki fyrirskraðar í lögum um brunavarnir. Umsagnir til annarra stjórvalda eru þó eftir atvikum áskildar í lögum um aðra málaflokka og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Innheimt er fast gjald skv. fylgiskjali. Þegar um útkall er að ræða utan tilskilins daglegs vinnutíma starfsmanns er innheimt samkvæmt fylgiskjali og fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram fjóra tíma fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu.

III. KAFLI
Önnur verkefni og þjónusta.

12. gr.

SG sinnir öðrum verkefnum sem eru ekki skiltgreind sem verkefni liðsins samkvæmt lögum. Þessi verkefni falla þó að tilgangi SG sem er að vinna að velferð íbúa sveitarfélagsins, séu þau ekki falin öðrum til úrlausnar í lögum né framkvæmd í samkeppni við aðra aðila. Því ber að taka gjald fyrir veitta þjónustu.

Fast tímajald fyrir hverja byrjaða klukkustund útseldrar vinnu hvers starfsmanns er samkvæmt fylgiskjali, nema annað sé sérstaklega tekið fram. Hér er tekið tillit til samkeppnissjónarmiða, þjálfunar, virkjunartíma og þess að þjónustan er aðgengileg allan sólarhringinn, allt árið. Þess er gætt að gjaldið endurspegli eftir bestu getu raunkostnað.

13. gr.
Ráðgjafarþjónusta.

Falli ráðgjafarvinna undir ákvæði stjórnsýslulaga um upplýsinga- og leiðbeiningaskyldu skal sú vinna undanþegin gjaldi. Ef ráðgjafarvinnan er fyrir utan ákvæði d-liðar 1. mgr. 12. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000 með síðari breytingum, um leiðbeiningar til fyrirtækja og stofnana eftir atvikum um hvaðeina er varðar brunavarnir og eldsvoða vegna viðkomandi starfsemi, er þjónustan gjaldskyld. Innheimt er fyrir hverja byrjaða klukkustund fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu.

14. gr.

Fylgd vegna sprengiefnaflutninga.

Sprengiefnafylgd er ekki áskilin í lögum um brunavarnir heldur getur lögreglustjóri sett fram kröfur um fylgd slökkviliðs við slíkan flutning. Innheimt er lágmarksgjald fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu, og fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram fjóra tíma.

15. gr.

Viðbúnaður utan gildissviðs laga.

Í 2. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000 með síðari breytingum kemur fram að lögini gilda um eldvarnir og slökkvistörf vegna eldsvoða og viðbúnað við mengunaróhöppum á landi nema kveðið sé á um annað í lögunum. Lögin gilda enn fremur um björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum með sérhæfðum björgunarbúnaði. Lögin taka ekki til eldvarna í skipum með haf-færisskírteini, loftförum, almennum vinnuvélum, bifreiðum eða öðrum vélknúnum ökutækjum.

Ef óskað er eftir því að slökkviliðið sinni verkefni sem fellur utan gildissviðs laganna skal slökkviliðsstjóri innheimta fyrir tæki og vinnu samkvæmt gjaldskrá ef ekki liggja fyrir samningar um annað. Innheimta skal lágmarksgjald og fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram tvær fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu.

16. gr.

Upphreinsun.

Upphreinsun sem fellur ekki undir skilgreiningu 3. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000 á mengunaróhappi er sinnt af slökkviliði þótt ekki sé mælt fyrir um það í lögum um brunavarnir, meðan ekki eru aðrir þar til hæfir aðilar tiltækir til að sinna verkefninu. Er það mat slökkviliðsstjóra hverju sinni hvenær sinna skal slíku tilviki.

Slökkviliðsstjóri skal innheimta samkvæmt gjaldskrá fyrir vinnu við upphreinsun, efni sem notuð eru til upphreinsunar, meðhöndlun og förgun þeirra, ef ekki liggja fyrir samningar um annað. Innheimta skal lágmarksgjald og fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram tvær fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu.

17. gr.

Verðmætabjörgun og vatnslekar.

Verðmætabjörgun sem ekki er tilgreind í brunavarnalögum, t.d. vegna vatnsleka, er sinnt af slökkviliði þótt ekki sé mælt fyrir um það í lögum um brunavarnir, meðan ekki eru aðrir þar til hæfir aðilar tiltækir til að sinna verkefninu. Slökkviliðsstjóri skal innheimta gjald fyrir vinnu samkvæmt gjaldskrá ef ekki liggja fyrir samningar um annað. Innheimta skal lágmarksgjald og fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram tvær fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu.

18. gr.

Tækjaleiga.

Tækjaleiga er ekki fyrirskrifud í lögum um brunavarnir. Þó er eðlilegt að leigja tæki sem eru þess eðlis að ekki er hægt að leigja þau hjá öðrum aðilum eða ef aðstæður kalla á skjóta notkun sem aðrir aðilar geta ekki boðið.

Verðlagning er ákveðin þannig að hún sé ávallt í það minnsta 35% hærri en leiga á svipuðum eða sambærilegum tækjum sem aðrir geta útvegað til að tryggja samkeppnissjónarmið. Oftast er um að ræða dælu- eða körfubíla, t.d. vegna kvikmyndagerðar eða einhverrar uppákomu sem kalla á slíkan búnað. Verðlagning á tækjum er endurskoðuð árlega.

Tæki SG skulu aðeins notuð af starfsmönnum slökkviliðsins. Innheimt er lágmarksgjald fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu og fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram fjóra tíma, auk tækjaleigu.

19. gr.

Annað.

Innheimt skal gjald fyrir aðra vinnu sem ekki er tilgreind hér og ekki er mælt fyrir um í lögum. Innheimt skal fyrir alla vinnu og tæki. Getur þetta átt við um þjónustu vegna sérstakra verkefna eins og kvíkmyndatöku, móttöku erlendra þjóðhöfðingja eða sendimanna, menningarviðburða o.fl. þess háttar.

IV. KAFLI

Innheimta.

20. gr.

Grindavíkurbær annast innheimtu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari eða innheimtufyrirtæki sem er falið verkefnið samkvæmt samningi þar að lútandi. Um innheimtu gjalda skal fara eftir viðteknum venjum í innheimtu opinberra stofnana. Gjalddagi gjalda samkvæmt gjaldskránni er útgáfudagur reiknings og eindagi er 30 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

Gjöldum vegna aðgerða til að knýja fram úrbætur samkvæmt lögum, sbr. 6. gr. t.o.m. 11. gr., fylgir lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð, sbr. 3. mgr. 12. gr., 3. og 4. mgr. 29. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000 með síðari breytingum.

V. KAFLI

Gildistaka og lagastoð.

21. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er með heimild í lögum nr. 75/2000 með síðari breytingum og reglugerðum settum samkvæmt þeim, er samin og samþykkt af aðildarsveitarfélögum BSB, með heimild í 1. mgr. 92. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 með síðari breytingum. Gjaldskráin öðlast gildi við birtingu í B-deild Stjórnartíðinda.

F.h. Slökkviliðs Grindavíkur, 16. desember 2014,

Ásmundur Jónsson.

Fylgiskjal.**Gjaldskrá slökkviliðs Grindavíkur.**

| | | kr. |
|--------------------------------------------|------------------------------------------|--------|
| 1. gr. Almennt | Fast tímajald hvers starfsmanns | 9.430 |
| 4. gr. Lögbundin verkefni | Öryggisúttekt, fast gjald | 18.860 |
| | Lokaúttekt, fast gjald | 18.860 |
| | Fast tímajald hvers starfsmanns | 9.430 |
| 5. gr. Eftirlit og eftiryfigni kröfugerðar | Fast tímajald | 9.430 |
| | Útkall utan tilskilins daglegs vinnutíma | 37.720 |
| 6. gr. Öryggisvaktir á mannvirki | Lágmarksgjald fyrir hvern starfsmann | 37.720 |
| | Fast tímajald | 9.430 |
| | Slökkvibill | 27.870 |
| | Stjórnandabill | 9.650 |
| | Akstur skv. gjaldskrá RSK | |

| | | kr. |
|-------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------|
| 7. gr. Lokun mannvirkis | Lágmarksgjald fyrir hvern starfsmann Útkall utan tilskilins daglegs vinnutíma Slökkvibill Stjórnandabill Akstur skv. gjaldskrá RSK | 9.430 37.720 27.870 9.650 |
| 8. gr. Dagsektir | Fast tímajald Akstur skv. gjaldskrá RSK | 9.430 |
| 9. gr. Öryggis- og lokaúttektir | Lágmarksgjald Fast tímajald hvers starfsmanns | 18.860 9.430 |
| 10. gr. Útköll vegna brunaviðvörunarkerfa | Fast gjald eftirlits | 9.430 |
| 11. gr. Umsagnir | Fast gjald eftirlits Útkall utan tilskilins daglegs vinnutíma Tímavinna | 9.430 37.720 9.430 |
| 12. gr. Önnur verkefni og þjónusta | Fast tímajald hvers starfsmanns Slökkvibill 24-131 Slökkvibill 24-132 Slökkvibill 24-151. Vatnsflutningabill Slökkvibill 24-171. Tækjabill Stjórnandabill 24-172 Körfubill 24-141 Lausar dælur, bensín/rafmagn Vatnssuga Rafstöð Akstur samkvæmt km gjaldskrá RSK | 18.860 27.870 27.870 27.870 9.650 9.650 34.060 4.430 8.520 8.520 |
| 13. gr. Ráðgjafarþjónusta | Fast tímajald hvers starfsmanns | 18.860 |
| 14. gr. Fylgd vegna sprengiefnaflutninga | Lágmarksgjald fyrir hvern starfsmann Tímavinna Slökkvibill 24-131 Slökkvibill 24-132 Slökkvibill 24-151. Vatnsflutningabill Slökkvibill 24-171. Tækjabill Stjórnandabill 24-172 Körfubill 24-141 | 37.720 9.430 27.870 27.870 27.870 9.650 9.650 34.060 |

Nr. 1305

16. desember 2014

kr.

| | | |
|---------------------------------------------|----------------------------------------|---------|
| 15. gr. Viðbúnaður utan gildissviðs laga | Lágmarksgjald | 140.000 |
| | Fast tímagjald hvers starfsmanns | 9.430 |
| | Slökkvibill 24-131 | 27.870 |
| | Slökkvibill 24-132 | 27.870 |
| | Slökkvibill 24-151. Vatnsflutningabíll | 27.870 |
| | Slökkvibill 24-171. Tækjabíll | 9.650 |
| | Stjórnandabíll 24-172 | 9.650 |
| | Körfubíll 24-141 | 34.060 |
| | Lausar dælur, bensín/rafmagn | 4.430 |
| | Vatnssuga | 8.520 |
| | Rafstöð | 8.520 |
| | Akstur samkvæmt km gjaldskrá RSK | |
| 16. gr. Upphreinsun | Lágmarksgjald | 140.000 |
| | Fast tímagjald hvers starfsmanns | 18.860 |
| | Slökkvibill 24-131 | 27.870 |
| | Slökkvibill 24-132 | 27.870 |
| | Slökkvibill 24-151. Vatnsflutningabíll | 27.870 |
| | Slökkvibill 24-171. Tækjabíll | 9.650 |
| | Stjórnandabíll 24-172 | 9.650 |
| | Körfubíll 24-141 | 34.060 |
| | Lausar dælur, bensín/rafmagn | 4.430 |
| | Vatnssuga | 8.520 |
| | Rafstöð | 8.520 |
| | Uppsogsefni samkvæmt kostnaði | |
| | Akstur samkvæmt km gjaldskrá RSK | |
| 17. gr. Verðmætabjörgun og vatnslekar | Lágmarksgjald | 140.000 |
| | Fast tímagjald hvers starfsmanns | 18.860 |
| | Slökkvibill 24-131 | 27.870 |
| | Slökkvibill 24-132 | 27.870 |
| | Slökkvibill 24-151. Vatnsflutningabíll | 27.870 |
| | Slökkvibill 24-171. Tækjabíll | 9.650 |
| | Stjórnandabíll 24-172 | 9.650 |
| | Körfubíll 24-141 | 34.060 |
| | Lausar dælur, bensín/rafmagn | 4.430 |
| | Vatnssuga | 8.520 |
| | Rafstöð | 8.520 |
| | Uppsogsefni samkvæmt kostnaði | |
| | Akstur samkvæmt km gjaldskrá RSK | |

Nr. 1305

16. desember 2014

| | kr. |
|----------------------------------------|--------|
| 18. gr. Tækjaleiga | |
| Lágmarksgjald fyrir hvern starfsmann | 37.720 |
| Tímavinna | 9.430 |
| Slökkvibill 24-131 | 27.870 |
| Slökkvibill 24-132 | 27.870 |
| Slökkvibill 24-151. Vatnsflutningabill | 27.870 |
| Slökkvibill 24-171. Tækjabill | 9.650 |
| Stjórnandabill 24-172 | 9.650 |
| Körfubill 24-141 | 34.060 |
| Lausar dælur, bensín/rafmagn | 4.430 |
| Vatnssuga | 8.520 |
| Rafstöð | 8.520 |
| Uppsogsefni samkvæmt kostnaði | |
| Akstur samkvæmt km gjaldskrá RSK | |

B-deild – Útgáfud.: 27. janúar 2015